

þykkti, og var tilgangurinn með því að nema úr gildi ákvarðanirnar í tilsk. 5. septbr. 1794, að því leyti sem þar er hegning ákveðin fyrir það, að menn, sem eigi eru lög- giltir til læknisstarfa, leggi líf og heilsu sjúklinga í hættu við að taka þá til lækninga, og var til ætlazt í frumvarpinu, að hegningu skyldi því að eins beitt verða, að fullar sönnur yrðu á það færðar, að sá, er lækning framdi án lagaleyfis, hafi valdið sjúklingnum skaða, eða að hann hafi þózt hafa tekið próf í læknisfræði án þess að svo sje. — Jafnframt hafið þjer getið þess, að næði frumvarp þetta lagagildi, þá mundi það í rauninni löghelga skottulækningar og koma í bága við þær ráðstafanir, sem gjörðar eru með örnnum kostnaði úr landssjóði til þess, að veita íbúum landsins aðgang að hjálp prófaðra lækna.

Með því að ráðgjafinn er yður nú samdóma um þetta, og með því að það verður eigi álitíð ráðlegt að gjöra þannig læknisstörf að frjálsri atvinnu, þótti rjett að leggja það til, að tjeðu lagafrumvarpi yrði synjað um allrahæstu staðfestingu, og hefir hans hátígn konunginum 12. p. m. allramildilegast þóknazt að fallast á þá tillögu.

Allt um það verður ráðgjafinn að játa, að hegningarákvarðanirnar í tilsk. 5. sept. 1794 eiga ekki við þessa tíma, og hefir hann því í hyggju að leggja frumvarp til laga um breyting á þeim fyrir alþingi það, er saman kemur 1883; þar að auki mun það í sambandi við þetta verða tekið til ihugunar, hvort ástæða kynni ef til vill að vera til, að veita próflausum mönnum einhvern takmarkaðan aðgang til að fremja læknisstörf, sumpart á eigin hönd og sumpart sem aðstöðarlæknar hjá embattislæknum.

Þetta er eigi látið hjá líða að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknarlegrar leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það í B-deild stjórnartíðindanna.

— **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um framfærslusveit lausakönu.** — Með úrskurði yðar, herra amtmaður, frá 26. jan. p. á. hefir Seltjarnarneshreppur verið skyldaður til að framfæra Jóhönnu nokkra Guðmundsdóttur og að endurgjalda fátækra sjóði Reykjavíkur kaupstaðar það, sem henni þar, eptir rjettum sundurliðuðum reikningi hefir verið lagt af fátækrafje og hefir Seltjarnarneshreppur áfrýjað úrskurði þessum hingað.

Áfrýjandinn játar, að Jóhanna sje född í Seltjarnarneshreppi 1838. Árið 1865 fluttist hún með móður sinni Ragnheiði Sigmundardóttur til Reykjavíkur, og virðist sveitarstjórn Seltjarnarneshrepps að hafa útvegað Ragnheiði húsmenskuleyfi þar, að minnsta kosti hefir þetta verið borið í prófi, sem fátækra stjórn Reykjavíkur hefir útvegað, og ekkert haft að athuga við. Víst er það, að Ragnheiður síðan dvaldi í Reykjavík, þangað til hún dó á árinu 1880. Samkvæmt nefndu prófi rjeði Ragnheiður þau 15 ár, er hún þannig dvaldi í Reykjavík, sjálf fyrir heimili þeirra mæðgna og borgaði árlega húsaleigu, með því að taka hana af sveitarstyrk, er hún fjekk frá Seltjarnarneshreppi. Auk þessa styrks hafði hún sjer til framfæris ágóðann af ullarvinnu þeirri, er hún gat unnið, og loksins var Jóhanna, sem spurning er um undir þessu máli, hjá henni og vann fyrir henni. Bæjarstjórnin í Reykjavík hefir nú haldið því fram, að staða Jóhönnu hafi þessi 15 ár verið svo óháð móður hennar að hún hafi ekki verið hjú hennar, að Jóhanna því eigi að skodast sem húskona, en húsmenskuleyfi hafi hún aldrei fengið, hafi því ðvöl hennar öll 15 ár, sem hún var hjá móður sinni í Reykjavík ekki verið nógileg til þess að hún ynni sjer sveit þar. Þetta álit hafið þjer, herra amtmaður, aðhyllzt og hefir því til styrkingar einkum verið vottað til þess, að Jóhanna hafi hin nefndu ár haft sjer-

106 stakan reikning við eina verzlun í Reykjavík og sjálf að öllu leyti ráðið því, sem hún
25. maí. hafi átt þar inni. Þar að auki hefir verið tekið fram, að Jóhanna virðist hin nefndu
ár alls ekkert kaup hafa fengið hjá móður sinni. En hvorugt þetta atriði er nægilegt
til að sanna, að Jóhanna hafi verið húskona. Til þess að vera það hefði hún þurft að
vera húsráðandi, en það var móðir hennar um þann tíma, er þær mæðgurnar voru saman í
Reykjavík, eins og búið er að taka fram, og gat hún vel verið það, þó hún þæði af sveit.
Hins vegar má spyrja, hvort Jóhanna hafi þann tíma verið vistað hjú móður sinnar eða
lausakona, en úrlausn þeirrar spurningar hefir enga þýðingu í þessu máli, því hvergi er
fyrirskipað, að ólögleg lausamennska varni á sama hátt og ólögleg húsmennska því, að
maður öðlist sveit með 10 ára dvöl fyrir utan fæðingarhreppinn, sbr. 10. og 12. gr. tilsk.
26. maí 1863.

Með því nú að Jóhanna Guðmundsdóttir hefir allan þann tíma, er hún hefir
dvalið í Reykjavík ekki einungis getað unnið fyrir sjálfri sjer, en jafnvel getað styrkt
móður sína, og hefir fyrst sjálf orðið þurfaði sveitarstyrks, þegar hún veturinn 1880—81
varð geðveik, getur enginn vafi verið um, að hún hafi áunnið sjer sveit í Reykjavík, og
skal því úrskurður sá, er þjer herra amtmaður, eins og frá er skýrt, hafið lagt á þetta
mál, úr gildi falla.

107 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja, um eptirlaunabyrði á presta-
26. maí. kalli. — Með þóknanlegu brjefi 8. desember f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent
hingað erindi frá sjera Tómasi Þorsteinssyni að Reynistaðar-kalli í Skagafjarðarprófests-
dæmi, þar er hann fer þess á leit, að sjer verði leyft að draga eptirlaun þau, er á
brauði hans hvíla, frá þeirri upphæð, sem hann samkvæmt lögum 27. febr. 1880 um skip-
un prestakalla er skyldur að greiða í landssjóð af tekjum kallsins. Út af þessu skal eigi
hjá líða látið að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir
hlutaðeiganda, að eigi verði það veitt, sem um er beðið, með því að ráðgjafann brestur
heimild til að veita undanþágu frá ákvörðunum í 1. og 5. gr. laga 27. febr. 1880.

Afleiðingin af því, hversu 8. gr. sbr. við 6. gr. í lögum 27. febr. 1880 var orð-
uð, verður að vera sú, að af rýrari brauðum verður enn um mörg ár að greiða uppgjafa-
prestum eptirlaun, því að fyrirmæli 6. greinar um, að landssjóður skuli greiða eptirlaun-
in að nokkru eða öllu leyti af brauðum þeim, er fyrir þessa byrði fengju minni tekjur
en 1200 kr., verða að eins skilin um eptirlaun, *sem komu til, eptir að lögin náðu
gildi*. En efi kann á því að leika, hvort þetta hafi á sinni tíð verið alþingi ljóst, og
því þykir hlýða að beiðast álits yðar, herra landshöfðingi, um það, hvort ástæða muni
til vera að reyna að fá veitta í fjárlögunum framvegis einhverja upphæð, er hafa mætti
til að ráða bót á, þar sem áþekkt stendur á sem hjer; eða að minnsta kosti hvort sjer-
stök ástæða mundi til vera, að reyna að hjálpa sjera Tómasi Þorsteinssyni á þann hátt,
sem hjer er á vikið.

Af þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 17. f. m. sjest það, að í
auglýsingunni um að nefnt brauð væri laust, hefir þess eigi *berlega* getið verið, að á
kallinu hvíldi eptirlauna-byrði til uppgjafaprestsins. Fyrir þessa sök þykir rjett að vekja
athygli á því, að bezt mun hlýða, þegar brauð er laust og því er slegið upp, að
í auglýsingunni sjeu *skýrt* fram teknar allar byrðar þær, er hvíla á því, og að þeirra
sje og getið í veitingabrjefi því, er prestur sá fær, er í hlut á.